


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Utgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Lyflæknishjúkrun 303 ( HJÚ 303)</b> <b>Námsáætlun Haustönn 2016</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Inga Björg Ólafsdóttir	<b>Sk.st.</b>	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

<b>Áfanga- markmið/ viðfangs- efni:</b>	<p>Í þessum áfanga er lögð áhersla á hjúkrun bráðveikra, langveikra og mikið veikra einstaklinga. Unnið er út frá hugmyndum um lausnarmiðaða aðferð (PBM). Fjallað er um krabbamein, helstu aukaverkanir krabbameinsmeðferðar og viðeigandi hjúkrun, eftirlit og athuganir. Fjallað um hjúkrun, bjargráð og meðferð einstaklinga með langvinna sjúkdóma svo sem lungnasjúkdóma, ónæmis- og ofnæmissjúkdóma, hjartasjúkdóma, þvagræra- og meltingarsjúkdóma, taugakerfissjúkdóma og sýkingar. Bráðu sjúkdómsástandi í fyrrgreindum kerfum og viðeigandi hjúkrun gerð skil. Áhersla er lögð á mikilvægi viðurkenndrar hjúkrunarskráningar og nákvæms eftirlits í hjúkrunarstörfum. Fjallað er um mikilvægi samskipta skjólstæðinga, aðstandenda og starfsfólks í bataferlinu. Sjúkdómsgreinandi rannsóknir eru kynntar. Smitgátarvinnubrögð eru rifjuð upp og gerð er grein fyrir mismunandi tilgangi einangrunar eftir sjúkdómsástandi. Gerð er grein fyrir mismunandi hugmyndum um aðlögun að missi og hvernig hægt er að hagnýta þær við hjúkrun langveikra. Hjúkrunarkenningar eru notaðar til þess að skýra hugmyndafræðilegan grunn hjúkrunar í áfanganum. Algengustu fatlanir og hugtök þeim tengd eru skilgreind. Fjallað er um menningarbundin viðhorf til heilbrigðis og sjúkdóma og viðbrögð við þeim.</p>
---	---

### Markmið:


#### Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á hjúkrun einstaklinga með bráðan og langvinnan heilsubrest. Að nemandi þekki hugmyndafræði hæfingar og endurhæfingar og geti hagnýtt hana í hjúkrunarstörfum.

**Námsgögn:** Hjúkrun 2. þrep. Hjúkrun fullorðinna. Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir ritstjóri, gefin út 2015 af lðnó. Ljósrit, greinar, glærur, heimaverkefni og tímaverkefni.

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)
34 - 36	<b>Lota 1.</b> Hjartasjúkdómar.
37- 39	Nemendur í verklegu námi (12.sept. – 30. sept.).
40- 43	<b>Lota 2.</b> Lungnasjúkdómar, meltingarfærasjúkdómar, ofnæmi, innkirtlasjúkdómar, þvagrærasjúkdómar og taugakerfissjúkdómar.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Lyflæknishjúkrun 303 ( HJÚ 303)</b>	<b>Námsáætlun Haustönn 2016</b>

44 -46	<b>Lota 3.</b> Krabbamein, geislar, frumueyðandi lyf, aukaverkanir, sýkingar, smitgát, einangrun, ónæmisbæling.
47- 48	<b>Lota 4.</b> Langvinnir verkir, aðlögunarleiðir, færnesskerðing, hæfing, endurhæfing, sjúkdómsgreinandi rannsóknir.
49	Undirbúningur fyrir lokapróf.

Annað : Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag. Ná þarf 40% árangri í lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með til hækkunar. Ath. nemendum ber að ljúka öllum námsmatspáttum.

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatspættir</b>	<b>Lýsing námsmatspáttar</b>		<b>Vægi</b>
Skriflegt próf	Lokapróf í desember.		60%
Annarpróf	Próf á önninni. Ef nemandi mætir ekki í hlutapróf færast vægi prófsins yfir á lokapróf.		15%
Kynning	Kynning í tíma.		5%
Verkefni	Hjúkrunargreiningarverkefni		5%
Heimaverkefni	Heimaverkefni (2 -3 verkefni)		15%

Dagsetning: 23.8/16

Inga B. Ólafsd.  
Undirritun kennara

Mania A.-E.  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils